



FUNDARGERÐ
40. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 25. maí 2021
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Sigrún B Benediktsdóttir, Rósa Hlín Óskarsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir og Ingigerður Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Haraldur Eiríksson boðaði forföll. Einnig sat fundinn undir liðum 1-2 Klara Viðarsdóttir.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs 2021 - 2101034

Yfirlit um rekstur janúar-apríl

KV kynnti yfirlit um rekstur byggðasamlagsins fyrir tímabilið janúar-apríl.

2. Rekstraráætlun 2022 - Oddi bs - 2105037

Undirbúningur

Rætt um undirbúning fyrir vinnslu rekstraráætlunar næsta árs fyrir Odda bs. Um þessar mundir eru ákveðin tímamót í rekstri skóla Odda bs. Nýjir stjórnendur eru að koma að málum og því mikilvægt að hefja tímanlega undirbúning rekstraráætlunar næsta árs. Þá var lögð fram tillaga um að nota tækifærið og vinna að þessu sinni út frá svokallaðri núll-áætlun þar sem hver rekstrarþáttur er kostnaðgreindur mjög nákvæmlega. Tillaga um að fela sveitarstjórum að undirbúa rekstraráætlun 2022 á þessum forsendum í samvinnu við fjármálastjóra og skólastjórnendur.

Samþykkt samhljóða.

3. Skóladagatöl 2021-2022 - 2104042

Drög að skóladagatölum

Farið yfir tillögur að skóladagatölum til kynningar. Í takt við skólastefnu Odda bs er lögð áhersla á að samræma undirbúnings- og starfsdaga eins og frekast er kostur.

4. Erindi frá samtökum grænkerana - 2105034

Frá samtökum grænkerana

Lagt fram erindi frá Samtökum Grænkerana á Íslandi þar sem skorað er á sveitarfélög að börn hafi val um grænkerarétt í skólum sínum frá og með hausti 2021. Stjórn Odda bs leggur áherslu á að mótuneyti á vegum byggðasamlagsins fylgja leiðbeiningum

MHG

B. A.

Ela. H. J.

Lýðheilsustöðvar. Í ljósi þess að fyrir dyrum stendur endurskoðun á skólustefnu Odda bs að þá verði málefni mótuneyta tekin sérstaklega fyrir og mörkuð stefna.

Samþykkt samhljóða.

5. Aðstaða og búnaður skólanna - 1610047

Próun og endurbætur - umræður.

Rætt um aðstöðumál leik- og grunnskóla á Laugalandi og mikilvægi þess að taka innra skipulag til endurskoðunar. ÁS falið að leita eftir upplýsingum frá m.a. Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga um slíka endurskoðun og hefja vinnu við verkefnið.

Samþykkt samhljóða.

6. Viðbragðs- og aðgerðaáætlun vegna COVID19 - 2003021

Ýmsar tilkynningar og skjöl frá sóttvarnaryfirvöldum.

Til kynningar.

7. Undanþága til lausráðninga - 2105033

Frá Menntamálastofnun

Til kynningar.

Fundargerðin yfirlesin og staðfest.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:25.

Þóro Grétarsdóttir
Margrét Harpa Guðstemsd.
Dagur Þórisson

Dagur Þórisson
Höfþegga Elíasdóttir
Elin Grétarsdóttir